
Hlutverk Leikskóla

- Starfsmenn sjá um að umhverfi leikskólans sé læsishvetjandi
- Starfsmenn þurfa að vera til staðar í leik og starfi og örva áfram málþroska og bernskulæsi.
- Starfsmenn þurfa að vera góðar mál-fyrirmyndir

Hlutverk heimilis

- Foreldrar/forráðamenn lesi daglega fyrir börn sín og ræði innihald textans
- Byggja upp jákvæð viðhorf gagnvart lestri og bernskulæsi

Samstarf leik- og grunnskóla

- Skapa samfellu í lestrarferli nemenda
-

Læsisstefna Leikskólans Laugalandi

Markmið lesturs eru:

- -að móta jákvæð viðhorf barna til læsis
- -að efla orðaforða og málskilning
- -að efla máltjáningu og frásagnarhæfni
- -að efla hljóðkerfisvitund og hlustun
- -að móta sér sjálfstæða skoðun og koma henni frá sér á skýran hátt.
- -að allir nemendur geti lesið sér til gagns og skemmtunar



Leikskólinn Laugalandi

Læsisstefna Leikskólans Laugalandi



Markmið	Leiðir
Að efla orðaforða, málskilning og ályktunarhæfni	<ul style="list-style-type: none"> Starfsmenn setja orð á athafnir og hluti í umhverfi barnanna, upplifanir, reynslu, athafnir og tilfinningar Verkefni unnin í árgangastundum og vinnuvali Í daglegum sögustundum er rætt um hugtök, orð, merkingu og innihald texta Unnið með söngtexta, vísur og þulur Fjölbreytt námsefni s.s. spil, púsl, stafakubbar og námsleikir í iPad Í vettvangsferðum er þekking og reynsluheimur barnanna víkkaður út ART- orð og hugtök skilgreind Orð og nöfn barna sýnileg í umhverfinu
Að efla hljóðkerfisvitund og hlustun	<ul style="list-style-type: none"> Virk hlustun er æfð bæði í leik og skipulögðu starfi. Hlustað er á sögur, leikrit, vísur og þulur Börnin eru þjálfuð í að farið eftir fyrir mælum Hlustað á umhverfishljóð í vettvangsferðum Verkefni unnin í árgangastundum og vinnuvali s.s. hlustað á tónlist og unnið með hljóðfæri, söngur, vísur, ljóð, rím og samstöfur Bókstafir og tákni þeirra eru sýnilegir í umhverfi og á veggjum skólans Fjölbreytt námsefni s.s. spil, púsl, stafakubbar og námsleikir í iPad Lubbastundir
Að efla máltjáningu og frásagnarhæfni	<ul style="list-style-type: none"> Í gagnvirkum samræðum er máltjáning og frásagnarhæfni eflað og beita starfsmenn virkri hlustun Í samverustundum, árgangastundum og vinnuvali eru börnin hvött til að segja frá og endursegja sögur Börnin semja eigin sögur og ljóð sem þau flytja Börnin koma fram á sýningum þar sem þau leika, syngja og flytja texta Aðgangur að ritföngum og pappír og ritvinnslu í tölvu TMT notað til að koma máli fyrr af stað hjá yngstu börnunum Spil ART – tjáning í samræðum og leikþáttum

Markmið	Leiðir
Að móta jákvæð viðhorf barna til bóka og læsis	<ul style="list-style-type: none"> Börnin hafa greiðan aðgang að bókum í frjálsum leik Börnin læra að umgangast bækur af virðingu Börnin læra í sögustundum að njóta þess að hlusta Farið er á bókasafn Börnin eru hvött til að ná sér í upplýsingar úr bókum eða af netinu Nemendur úr grunnskóla koma og lesa fyrir leikskólabörn
Að efla ritmál	<ul style="list-style-type: none"> Börnin hafa greiðan aðgang að læsis- og ritmálsörvandi efnivið Ritmál er tengt við leiki s.s. skrifstofuleik, skólaleik, búðarleik o.fl. Börnin hafa aðgang að tæknimiðlun til ritunar

Mat

- Athugun í leik
- Íslenski þroskalistinn lagður fyrir öll 4 ára börn
- Íslenski smábarnalistinn (ef þurfa þykir)
- Hljóm-2 öll fimm ára börn
- Tras - skráning málþroska 2-5 ára
- Orðaskil 1,5- 3 ára (ef þurfa þykir)

Íhlutun

- Þegar grunur kviknar um frávík eða seinkun í málþroska er gripið inn í eins fljótt og kostur er
- Stuðningur og ráðgjöf sérfræðinga frá skólaþjónustu er nýttur eftir þörfum.